

## 18. fundur í umhverfisnefnd 15. Febrúar 2018 kl. 20:00

Mætt: Anna María Flygenring, Sigbrúður Jónsdóttir og Kristófer Tómasson. Sigbrúður ritaði fundargerð. Páll Árnason forfallaðist á síðustu stundu.

1. Erindi frá atvinnu- og samgöngumálanefnd. umhverfisnefnd fjallaði um eftirfarandi verkefni úr atvinnustefnu:
  - Nýta umhverfið til afþreyingar og á heilsuefandi hátt. (Hvað er átt við með Þjórsárskógi? Hann er ekki til).
    - Gott aðgengi er að Skriðufellsskógi.
    - Umhverfisnefnd setur varnagla við því að auka aðgengi að hálendi og fjöllum. Setningin er mjög víðtæk og skilgreina þarf nánar hvað átt er við. Aukið aðgengi getur valdið óhóflegu álagi á náttúruna eins og sjá má t.d. í Gjánni og á Gaukshöfða.
    - Heilsuefandi gönguferðir með fræðslu um menningu og náttúru þess svæðis sem gengið er um er áhugaverð hugmynd sem vert er að útfæra nánar.
  - Lágmarka kolefnisspor íbúa vegna verslunar og þjónustu. Nánari útskýringar þarf á því af hverju einungis verslun og þjónusta eru tilgreind en ekki annað sem hefur áhrif á kolefnisspor hreppsúa.
  - Vinna að orkuskiptum í landbúnaði og samgöngum. Þetta er háleitt og gott markmið en það er varla á færi eins sveitarfélags.
  - Flokkun á úrgangi verði framkvæmd á öllum heimilum og öllum fyrirtækjum í sveitarfélaginu.
    - Það á nú þegar að vera gert á öllum heimilum og fyrirtækjum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Því miður er misbrestur á því. Umhverfisnefnd hefur fjallað um þetta vandamál og hvatt fólk til ábyrgðar. Á síðustu tveimur árum hafa verið haldnir umhverfis dagar með fræðsluerindum m.a. um matarsóun, fatasóun o.fl.
    - Ný flokkunarhandbók er að koma út og verður hún send á hvert heimili í sveitinni.
    - Gera þarf bragarbót á sorpflokkun sumarhúsaeigenda og gera þeim auðveldara að flokka sorp.
  - Umhverfisnefnd er mjög hlynnt því að sett verði umhverfisstefna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Hún verður hins vegar að vera miklu víðtækari og taka til fleiri málaflokka en úrgangs. Vanda þarf alla vinnu við gerð slíkar stefnu.

Umhverfisnefnd vill gjarnan eiga fund með atvinnu- og samgöngunefnd til að ræða nánar um þessi mál.

2. Farið var yfir flokkunarhandbók sem er í vinnslu og verður dreift á öll heimili.
3. „Fatasóunardagur“ var haldinn 11. nóvember. Stefán Gíslason umhverfisráðgjafi, flutti mjög fræðandi fyrirlestur um vandann sem ofgnótt fatnaðar í heiminum skapar. Að auki var fataskiptimarkaður. Það sem ekki gekk út var afhent Rauða krossinum sem kemur öllum textilvörum í réttan farveg.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 21:24.



Sigbrúður Jónsdóttir  
Anna M. Flygenring